RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sigurður Unnar Sigurðsson
Kt. 2907724279
Dags. 2.3.2022 12:06:12
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT INNSIGLAÐ
Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.
Dags. 2.3.2022 13:42:36
Ástæða: Samþykkt byggingarfulltrúa 02.03.2022




GRUNNMYND EFTIR BREYTINGU
Mkv. 1:50

## GREINARGERÐ:

Hér er um að ræða breytingu á jarðhæð (kjallara) íbúðarhúss í Steinsholti 2 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Íbúð í kjallara er breytt og aðskilin öðrum hlutum hússins með brunahólfandi veggjum.

Landeignarnúmer L178860
Staðgreinir 8720-4-00073001
Matshluti 01, byggingarár 1963
Heildarstærð húss skv. fasteignaskrá 392.7 m²

Fyrir liggja uppdrættir hússins, gerðir af Teiknistofunni Hönn 1991 (kvistur á austurþekju), Steinþóri Kára Kárasyni 1999 (viðbygging) og Sigurði U. Sigurðssyni 2017 (breytingar á mið- og rishæð). Grunnmynd af íbúðinni fyrir breytingu er fengin af uppdráttum Steinþórs Kára.

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið.

Breytingar þær sem snúa að burðarvirki eru yfirfarnar og staðfestar af burðarvirkishönnuði.

Engar breytingar eru gerðar á stærð hússins. Einu breytingarnar sem snúa að útliti er að gluggar eru endurnýjaðir.

## BYGGINGARLÝSING:

Undirstöður, útveggir, berandi innveggir og milliplata er úr járnbentri steinsteypu. Útveggir eru einangraðir að utanverðu.

Klæðningar innanhúss verða ekki lakari en í flokki 2. Allar hurðar íbúðarinnar uppfylla kröfur um umferðarmál skv. byggingarreglugerð. Gólf votrýma verða lögð vatnsheldum hálkufríum efnum og halla að öryggisniðurföllum. Loftræsting allra rýma er náttúruleg um opnanleg fög að undanskilinni geymslu undir tröppum þar sem er að finna lofttúðu í gegn um útvegg. Veggir sem aðskilja íbúðina frá öðrum húshlutum munu uppfylla kröfur um hljóðvist í flokki B, R´w>58 dB.

Inntök fyrir neysluvatn, hitaveitu, rafmagn og fjarskipti verða endurnýjuð og komið fyrir í lagnarými inn af anddyri. Gætt verður að því að hiti vatns við töppunarstaði verði lægri en 65 C°. Upphitun er með ofnum tengdum hitaveitu. Fráveitulagnir innanhúss verða endurnýjaðar. Rotþró er til staðar. Sorp sem til fellur er afsett í tunnur sem eru sameiginlegar fyrir húsið, flokkað skv. fyrirmælum sveitarfélagsins og hafðar aðgengilegar sorpbílum.

## BRUNAVARNIR:

Úr íbúðinni eru flóttaleiðir um aðalinngang og um björgunarop á gluggum svefnherbergja. Hæð upp í björgunarop verður minni en 1.20 m frá gólfi. Reykskynjarar eru í öllum rýmum utan salernis og baðherbergis. Reykskynjarar alls hússins eru samtengdir. Slökkvitæki og eldvarnarteppi eru staðsett samkvæmt grunnmynd. Veggir sem aðskilja íbúðina frá öðrum húshlutum hafa brunamótstöðu REI60. Plata á milli hæða er steypt með brunamótstöðu að minnsta kosti REI90.

## SKÝRINGAR:

| | |
|---|---|
| NF | ÖRYGGISNIÐURFALL Í GÓLFI |
| LR | LOFTRÆSTING |
| ST | SLÖKKVITÆKI |
| RS | REYKSKYNJARI |
| ET | ELDVARNARTEPPI |
| BO | BJÖRGUNAROP |
| ⟹ | RÝMINGARLEIÐ |



GRUNNMYND FYRIR BREYTINGU
Mkv. ≈ 1:100

| | |
|---|---|
| HÖNNUÐUR | |
| HÖNNUNARSTJÓRI | |

STEINSHOLT 2 LÓÐ - L178860
SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPI
BREYTING Á KJALLARAÍBÚÐ Mhl 01

SIGURÐUR UNNAR SIGURÐSSON 290772-4279 VERKFRÆÐINGUR

AÐALUPPDRÁTTUR

HANNAÐ/TEIKNAÐ: SUS DAGS: 19.02.2022 Mkv: 1:50 1:100 á A1 TEIKN. NR: A01